

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

1. gr.

- | | | |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------|-----|----------------------------------|
| 1. Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í skal vera 2.0% af fasteignamati þeirra. | | |
| 2. Aukavatnsskattur | kr. | 1.35 pr. m ³ vatns. |
| 3. Vatn til skipa | — | 40.00 pr. m ³ vatns. |
| 4. Stofngjald húsa | — | 3.00 pr. m ³ af húsi. |
| 5. Fyrir uppsetningu mæla | — | 1 000.00 pr. mæli. |
| 6. Leiga mælis | — | 300 00 pr. ár. |

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 293 31. des. 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. febrúar 1969.

Nr. 35.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og því verði, sem hér segir:

1. Almenn notkun.

- A. 1. Til lýsingar: Um kwst.mæli á 175 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:
 270 aurar á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal.
 — Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.
- B. 1. Til heimilisnotkunar: Um kwst.mæli á 163 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:
 13.50 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.
- C. 1. Til véla: Um kwst.mæli á 168 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:
 43 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.